

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, mælumst vèr til, að þér, herra landshöfðingi, hlutist til um, að tæður styrkur verði borgaður úr jarðabókarsjóðnum, þegar stiptyfirvöldin gjöra tilkall til hans.

1873.
27. júní.

50. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um upphafsorðin á veitingarbréfum presta.

28. júní.

Í bréfi 16. apríl þ. á. til dómsmálastjórnarinnar hafði þér, herra landshöfðingi, lagt til, að upphafsorðunum á veitingarbréfum presta, sem ákveðin eru með konungsráðgjafi 14. maí 1850 og sem eru: „Stiptamtmaðurinn og biskupinn yfir Íslandi gjöra kunnugt“, verði breytt eptir því fyrirkomulagi, sem komið er á með konungsráðgjafi 29. júní f. á.¹⁾, ef eigi fyndist ástæða til að gjöra amtmanninn yfir suður- og vesturumdæminu að stiptamtmanni. Dómsmálastjórnin hefir nú sent kirkju og kennslustjórninni málið til úrskurðar um þetta atriði, eptir að bæði stjórnarráðin höfðu skrifazt á um það áundan, og eigi hafði þókt ástæða til að skipa stiptamtmann; mælumst vèr nú til að þér, herra landshöfðingi, hlutist til um, að upphafið á fyrnefndum veitingarbréfum eptirleiðis verði haft á þessa leið: „Stiptyfirvöldin yfir Íslandi gjöra kunnugt“.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fè það, sem ætlað er til óvissra útgjalda fyrir Ísland.

30. júní.

Í bréfi, dagsettu 18. apríl. þ. á., hafði þér, herra lands-

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 458.